



Reykjavík, 23. maí 2024

MSS24050120

TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um átak til að minnka ofbeldi gegn eldra fólki

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda og ofbeldisvarnarráð fari í átak til að minnka ofbeldi gegn eldra fólki sem því miður er staðreynd í samfélaginu. Lagt er jafnframt til að mannréttindaskrifstofan útbúi bækling með fræðslu um ofbeldi og með upplýsingum um hvert fólk gæti leitað til að fá hjálp og stuðning. Bæklingnum væri síðan dreift til eldri borgara í Reykjavík.

Greinagerð:

Á nýafstöðnum landsfundi Landssambands eldri borgara var nokkuð rætt um þá staðreynd að aldraðir eru líklegri til að vera útsettir fyrir ofbeldi en aðrir þjóðfélagshópar og ólíklegri til að tilkynna það. Erfitt er að upplýsa og greina ofbeldismálin sem upp koma þar sem þolendurnir eru oftast en ekki háðir ofbeldismönnum. Tilkynningum til Neyðarlínunnar um ofbeldisbrot á eldra fólki hafa aukist og hefur starfsfólk Neyðarlínunnar áhyggjur af þróuninni. Eðli ofbeldisins getur verið með ýmsum hætti, það geti verið líkamlegt, andlegt, fjárhagslegt, stafrænt eða kynferðislegt. Auk þess verður starfsfólk Neyðarlínunnar vart við margs konar vanrækslu á öldruðu fólki.



Reykjavík